Dags. 5. júní 2020

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna

Samiðn vill í upphafi fagna því að endurgreiða eigi virðisaukaskatt af vinnu manna en umrædd reglugerð verður sett með heimild í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða nr. XXXIII og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða nr. XXXIV við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 49. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

Rétt er þó að benda á að mikilvægi þess að tryggja að öll vinna vegna skráningarskyldra ökutækja falli undir umrædda reglugerð, en ekki einungis vegna fólksbifreiða eins og núverandi orðalag kveður á um, sbr. f. töl. 1. gr. umræddrar reglugerðar.

Samiðn leggur því til að breytingar verði gerðar á áðurgreindum f. töl., 1. gr., sem og og 2. gr. með þeim hætti að viðgerðir, málun og réttingar allra skráningarskyldra ökutækja falli þar undir.

F.h. Samiðnar

Elmar Hallgríms, framkvæmdastjóri Samiðnar